

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Heimasíða: www.nel.is

**Skýrsla
nefndar um eftirlit með lögreglu
Árið 2019**

Reykjavík, 16. desember 2020

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Skipun nefndar um eftirlit með lögreglu	2
3.	Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu.....	3
3.1.	Starf- og greining nefndarinnar	3
4.	Almennt um verkefni og aðstæður lögreglu – ályktanir nefndarinnar.	4
5.	Tölfræði	6
5.1.	Fjöldi mála	6
5.2.	Staða mála 31. desember 2019	7
5.3.	Málsmeðferð nefndarinnar.....	8
5.4.	Embætti sem mál varðar	10
5.5.	Málsmeðferðartími	11
5.6.	Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2019.....	12
5.7.	Tegundir mála árið 2019.....	14
5.8.	Frumkvæðisathuganir.	15
5.9.	Vanvirðandi meðferð	16
6.	Yfirlit um starfsemi ársins 2019	17
6.1.	Skipulag og starfsaðstaða	17
6.2.	Yfirlit yfir fundi nefndarinnar.....	17
6.3.	Yfirlit yfir fundi nefndarinnar með öðrum	17
6.4.	Fjármál nefndarinnar	17

1. Inngangur

Nefnd um eftirlit með löggreglu tók til starfa þann 1. janúar 2017, við gildistöku laga nr. 62/2016, um breytingu á löggreglulögum nr. 90/1996. Meginbreyting fyrrnefndra laga var stofnun nefndarinnar með það fyrir augum að auðvelda borgaranum að koma á framfæri kvörtunum vegna starfsaðferða eða framkomu löggreglu, kærum á hendur löggreglumönnum fyrir ætluð refsverð brotog jafnframt að stuðla að því að mál fái viðeigandi meðferð innan stjórnsýslunnar. Þá var nefndinni falið með fyrrnefndum lögum að taka til athugunar mál þegar borgari slasast eða lætur lífið í löggregluáðgerð. Loks getur nefndin tekið mál upp að eigin frumkvæði. Þannig þarf borgarinn ekki að vera í vafa hvert eigi að leita með aðfinnslur við störf löggreglu þó svo að hann geti ennþá einnig komið þeim að hjá löggregluembættum landsins sem og héraðs- og ríkissaksóknara. Berist kvörtun eða kæra til annarra en nefndarinnar ber að tilkynna nefndinni um framkomna kvörtun eða kæru og eftir atvikum framsenda málið til hlutaðeigandi embættis.

Nefndin hefur nýlega lokið þriðja starfsári sínu og almennt hefur starfsemin gengið vel. Er sú skýrsla sem birtist hér jafnframt þriðja ársskýrsla nefndarinnar. Nefndin hefur aðsetur í Skuggasundi 3 og hefur haft lögfræðing í fullu starfi frá 1. janúar 2018. Símatími lögfræðings nefndarinnar er alla virka daga frá kl. 10:00 til 11:00. Það er mat nefndarinnar að hún þurfi að minnsta kosti tvö stöðugildi lögfræðinga á næstu misserum miðað við óbreytt verkefni, ekki síst til að stytta málsmeyðferðartíma nefndarinnar. Hvort rétt sé talið að auka slagkraft nefndarinnar umfram það, m.a. til þess að geta tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði í auknum mæli ásamt því að efla valdheimildir nefndarinnar er háð pólitískri stefnumótun og fjárveitingum. Slík endurskoðun er hafin hjá dómsmálaráðherra og hefur nefnd um eftirlit með löggreglu komið á framfæri tillögum sínum til dómsmálaráðuneytisins ásamt tillögum um eitt starfsgildi til viðbótar.

2. Skipun nefndar um eftirlit með löggreglu

Með lögum nr. 62/2016, um breytingu á löggreglulögum nr. 90/1996 var stofnuð nefnd um eftirlit með löggreglu. Lögin tóku gildi 1. janúar 2017 og tók nefndin þá þegar til starfa.

Samkvæmt 35. gr. löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016 skal setja á fót sérstaka eftirlitsnefnd með störfum löggreglu. Í ákvæðinu segir svo:

„1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum löggreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnvalds.

2. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmögum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embaettis- eða meistaraprófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefnir einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákveður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.“

Aðalmenn í nefndinni árið 2019 voru eftirtaldir: (1) Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, tilnefndur af ráðherra og formaður nefndarinnar. (2) Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Kristín Edwald lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru eftirtaldir: (1) Anna Tryggvadóttir lögfræðingur, tilnefnd af ráðherra og er varaformaður nefndarinnar, (2) Flosi Hrafn Sigurðsson lögmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Grímur Sigurðarson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Skipun nefndarinnar er óbreytt það sem af er árinu 2020.

Nefndarmenn sinna nefndarstörfum samhliða öðrum störfum sínum og eru allir nefndarmenn í fullri vinnu annars staðar en hjá nefndinni. Fastráðinn starfsmaður nefndarinnar 2019 var Drífa Kristín Sigurðardóttir, lögfræðingur, en Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur leysti Drífu af sem var í leyfi árið 2019.

Nánari upplýsingar um nefndina og starfsemi hennar má finna á heimasíðu nefndarinnar; www.nel.is. Upplýsingar um helstu verkefni ársins 2019 og um rekstur nefndarinnar má jafnframt finna í yfirliti í kafla 7.

3. Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu

Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu felst í stuttu máli að taka við erindum sem henni berast, greina þau og senda þau áfram til viðeigandi embætta til úrvinnslu. Nefndin getur einnig vísað málum frá ef þau heyra ekki undir verkefni nefndarinnar eða talið ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu á grundvelli gagna frá viðkomandi embætti. Nefndin fylgist með því að mál fái úrvinnslu hjá öðrum stjórnvöldum, það er fyrst og fremst hjá handhöfum ákærvalds og/eða innan viðeigandi lögregluembætta. Þegar máli er lokið og niðurstaða liggur fyrir getur nefndin sent frá sér álit eða tilmæli sem þó eru ekki bindandi að lögum. Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó víðtækur heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og lögregluembættum landsins en fram kemur í 5. mgr. 35. gr. a, lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, að ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum, þ.m.t. ríkislögreglustjóra, er skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Nefndin hefur ekki heimildir til að hlutast til um niðurstöðu mála eða meðferð þeirra í hverju tilviki fyrir sig.

Málum sem falla undir nefndina má skipta í fjóra flokka: (1) mál sem varða mögulega eða ætlaða refsiverða háttsemi lögreglumanna, (2) mál þar sem lögreglumenn hafa mögulega sýnt af sér ámælisverða háttsemi án þess að hún sé refsiverð, (3) mál þar sem einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort mögulega sé um að ræða refsiverða eða ámælisverða háttsemi af hálfu lögreglunnar og svo (4) mál sem varða verklag, starfshætti eða aðbúnað lögreglu í víðara samhengi, sjá 1. mgr. 35. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016.

Í ljósi þess að mál fari áfram til meðferðar hjá handhöfum ákærvalds og/eða lögreglustjórum landsins þá getur sá tími sem nefndin fylgist með hverju máli fyrir sig verið umtalsvert langur og ræðst fyrst og fremst af því hversu langan tíma það tekur viðkomandi embætti að afgreiða málin til nefndarinnar. Þetta er einnig ástæðan fyrir því að það hefur tekið nefndina langan tíma að fá yfirsýn yfir umfang þeirra málefna sem henni er ætlað að hafa eftirlit með. Nú er slík reynsla komin og ljóst er að rýmka þarf málsmeðferðartíma nefndarinnar svo henni sé unnt að greina og koma með skýrar ákvæðanir með hliðsjón af málsatvikum öllum og gögnum sem berast frá lögreglustjóra og ákærvaldi.

3.1. Starf- og greining nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu setti sér starfsreglur árið 2017 sem voru síðar aðlagðar í samræmi við aukna greiningarvinnu og breytta starfshætti nefndarinnar í október 2019.

Þegar nefndinni berst erindi, sbr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, tekur starfsmaður nefndarinnar á móti því, staðfestir móttöku og kannar hvort efni þess sé fullnægjandi til þess að nefndin geti tekið ákvörðun og óskar eftir viðbótargögnum og skýringum þar sem það á við. Kannað er hvort

rannsóknarhagsmunir krefjist þess að sönnunargögn verði varðveitt og ef svo er gerir nefndin viðeigandi ráðstafanir í því efni og sendir beiðni um afhendingu gagna og varðveislu sönnunargagna. Nefnd um eftirlit með löggreglu leggur mikið upp úr að gagnaöflun, greining og ákvarðanir einkennist af nákvæmni og endurspegli vönduð vinnubrögð nefndarinnar. Þegar nefndin hefur aflað allra viðeigandi gagna frá ákærvalds- og löggæsluembættum þar með taldar upptökur, þar sem þær eru að finna í upplýsingakerfum löggreglu, greinir nefndin erindið, fyrilliggjandi gögn og upptökur þar sem þær eru meðal gagna. Í einstaka tilfellum, þar sem það á við, hafa nefndinni verið sendar upptökur úr eftirlitsmyndavélum, t.d. á Austurvelli, á Laugavegi, upptökur úr snjallsínum tilkynnanda/borgara og eftir atvikum fjölmörla.

Að því lokinni málsmeðferð tekur nefndin ákvörðun á fundi um það hverjum ákvörðun er kynnt og hverjir fái afrit ákvörðunar. Að því loknu, hafi nefndin vísað máli til þóknunlegrar meðferðar til ákærvalds- eða löggæsluembættis, fylgist nefndin með afdrifum málsins, meðal annars því að þeir tímafrestir sem tilgreindir eru í reglum nr. 222/2017 séu virtir. Nefndin innir embætti eftir niðurstöðu, að jafnaði, innan 10 daga frá því að tímafrestur samkvæmt fyrrnefndum reglum er liðinn. Þegar niðurstaða embættis liggur fyrir er lagt mat á það hvort rétt sé að bregðast frekar við af því tilefni. Telji nefndin tilefni til tekur nefndin sérstaka ákvörðun um viðbrögð við tilkynningu sem henni berst um niðurstöðu máls. Að málsmeðferð lokinni af hálfu nefndarinnar er tilkynnanda og viðkomandi embætti tilkynnt um málalyktir nefndarinnar með formlegum hætti.

4. Almennt um verkefni og aðstæður löggreglu – ályktanir nefndarinnar.

Nefndin hefur meðfram öðrum verkefnum kynnt sér aðstæður, skipulag og verkefni einstakra löggregluembætta, með það í huga að glöggva sig betur á þeim atvikum og aðstæðum sem einstakar kvartanir og kærur lúta að. Nefndin telur að heimsóknir hennar til löggregluembætta landsins auki þekkingu nefndarinnar og auki skilning embættanna á starfi nefndarinnar. Nefndin hefur heimsótt öll löggregluembætti landsins einu sinni og lauk fyrstu yfirferð yfir landið 2019. Nefndin hefur einnig, í sama tilgangi, leitast við að kynna sér þær verklagsreglur sem löggregluembættin styðjast við í störfum sínum, ekki síst þær samræmdu verklagsreglur sem gilda fyrir öll löggregluembættin. Eftir atvikum hefur nefndin í því sambandi kallað eftir afritum tiltekinna verklagsreglna, oftast við meðferð einstakra mála af hennar hálfu.

Tilgangur þess að afla ofangreindra upplýsinga er, eins og fyrr segir, að gera nefndina betur í stakk búna til að greina einstök mál sem varða háttsemi löggreglumanna. Nefndin hefur ekki eftirlit með almennum rekstri löggregluembættanna eða innra skipulagi þeirra. Upplýsinga er því ekki aflað af hálfu nefndarinnar í þeim tilgangi að geta sett fram ályktanir eða ábendingar um slika þætti. Vegna opins orðalags d-liðar 1. mgr. 35. gr. a í löggreglulögum getur það þó, eftir atvikum, verið hlutverk nefndarinnar að taka afstöðu til verklags löggreglu, í einstökum málum eða í víðara samhengi, enda tengist slíkt meginverkefnum nefndarinnar. Sem dæmi um þætti í skipulagi og verklagi löggreglunnar sem vakið hafa athygli nefndarinnar í þessu sambandi eða hafa orðið henni tilefni til nánari athugunar má í dæmaskyni nefna eftirtalin atriði.

Í *fyrsta lagi* hefur vakið athygli nefndarinnar hvernig staðið er að útgáfu samræmdra verklagsreglna og leiðbeininga innan löggreglunnar. Nefndin benti á þetta í ársskýrslu sinni fyrir árið 2017. Útgáfa verklagsreglna hjá löggreglu hefur breyst til batnaðar frá árinu 2017 en betur má ef duga skal. Enn virðist skorta á að verklag hafi verið greint og skráð með formlegum hætti.

Nefndin hefur vænst þess að samræmdar verklagsreglur séu settar í meira mæli í stað þess að einstaka löggregluembætti séu hvert í sínu horni að setja sér verklag. Slíkt er í samræmi við d. lið 1. mgr. 5. gr. löggreglulaga nr. 90/1996. Nefndin hefur þær væntingar að nýr ríkislöggreglustjóri, sem tók við í byrjun árs 2020, geri nauðsynlegar umbætur á þessu sviði. Nefndin bendir hins vegar á að störf löggreglu séu í reynd svo margbreytileg og framvinda þeirra oft óutreiknanleg að ómögulegt sé að gera verklagsreglur um alla þætti starfanna auk þess sem taka verður tillit til misjafnra landfræðilegra aðstæðna innan löggregluembættanna. Almennar reglur geta hins vegar verið gagnlegar löggreglumönnum í starfi sem og aukið líkurnar á því að tekið sé á málum með samræmdum hætti óháð því í hvaða löggreglumdæmi atvik eiga sér stað.

Í öðru lagi hefur það vakið athygli nefndarinnar hvernig notkun á búkmyndavéum og upptökubúnaði í löggreglubifreiðum er háttað. Á árinu 2019 notuðu ekki öll embætti búkmyndavélar en flest embætti höfðu það á stefnuskrá sinni. Sem dæmi má nefna alvarlegt atvik í Reykjavík, þar sem skjólstæðingur löggreglu fór í hjartastopp í handtöku og lést skömmu síðar. Enginn löggreglumannanna sem voru á vettvangi í umrætt sinn var með búkmyndavél á sér þegar handtakan átti sér stað en það hefði varpað ljósi á málid með skýrum hætti. Málið er enn í greiningarferli hjá nefndinni og er niðustöðu að vænta á næstunni. Staðreyndin er sú að oft eru upptökur úr þessum myndavéum einu sönnunargögnin um það sem fram fer. Þrátt fyrir að löggreglubifreiðar eru margar hverjar sérútbúnar sem löggreglubifreiðar frá framleiðanda, ólíkt því sem áður var, þá hefur borið á því að kveikt sé á upptökubúnaði í löggreglubifreið aðeins í mynd en ekki kveikt á hljóðupptöku, eða hljóðupptaka er biluð, sem er afleitt.

Nefndin bendir á að mikilvægt sé fyrir löggreglumenn að nota búkmyndavélar og reyna eins og kostur er að tryggja að búnaðurinn virki eins og honum er ætlað.

Í þriðja lagi þá hefur nefndin fengið kvartanir á sitt borð þar sem gerðar voru athugasemdir við að löggregla hafi neitað að taka við kæru um ætlað refsivert brot. Þessi mál hafa vakið athygli nefndarinnar af þeirri ástæðu að í sumum tilvikum virðist meðferð löggreglu á viðkomandi málum ekki hafa verið í fullu samræmi við 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Nefndin hefur beint ábendingum um þessar kvartanir til viðkomandi löggregluembætta þannig að hægt sé að bæta úr því verklagi sem um ræðir, sem hefur leitt til umbóta í málafloknum hjá þeim embættum sem tilmælum hefur verið beint að og kvörtunum vegna þess fækkað.

Í fjórða lagi hefur nefndin í störfum sínum fengið ábendingar og upplýsingar um handtökur og frelsissviptingar einstaklinga sem kunna að eiga rót í veikindum hins handtekna, mögulega þar sem önnur úrræði virðast ekki fyrir hendi. Mál sem sent var nefndinni varð grundvöllur til sérstakrar skoðunar að frumkvæði nefndarinnar. Nefndin hefur hafið frumkvæðisathugun á því hvaða verklagsreglur gilda þegar veikir einstaklingar eru vistaðir í fangaklefa og kalla þarf til lækni eða hjúkrunarfræðing til handa þeim sem hefur verið handtekinn, en þeirri athugun lauk á sumarmánuðum árið 2020. Ákvörðunina er að finna á vef nefndarinnar og fjallað verður nánar um málið í ársskýrslu fyrir árið 2020. Nefndin telur fulla ástæðu til þess að gerð verði heildarendurskoðun á verklagi hvað varðar samskipti og aðgerðir löggreglu vegna einstaklinga sem eru undir áhrifum áfengis og vímuefna og/eða eiga við geðrænan vanda að stríða. Nefndin telur brýnt að skoða hvort viðkomandi hafi í tilvikum frekar átt erindi á sjúkrastofnun fremur en fangaklefa. Við slika heildarendurskoðun þurfa að koma að borðinu ríkislöggreglustjóri, Neyðarlínan ohf., löggregluembætti ásamt þeim sem annast sjúkraflutninga. Slik endurskoðun yrði til þess fallin að tryggja öryggi og velferð einstaklinga sem afskipti eru höfð af vegna ýmissa ástæðna sem ekki verða tíunduð frekar í þessari yfirferð. Þá er þörf á að brýna mikilvægi


þess að viðeigandi- og fullnægjandi viðbragð sé til staðar þegar leitað er aðstoðar hjá Neyðarlínunni, Fjarskiptamiðstöð ríkislöggreglustjóra og lögreglu.

5. Tölfraeði

Mál sem nefnd um eftirlit með lögreglu hefur fjallað um eru af ýmsum toga. Með vísan til laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eðli málanna og þess trúnaðar sem nefndin er bundin um atvik þeirra er ekki fárt að lýsa þeim nákvæmlega í ársskýrslu.


5.1. Fjöldi mála

Árið 2019 komu samtals 102 mál til meðferðar nefndar um eftirlit með lögreglu. Fjöldi innkominna mála skiptist með eftirfarandi hætti á milli mánaða:



Eins og sjá má þá er málafjöldinn hvað mestur í maí, júlí, september og október. Árið 2017 var málafjöldinn mestur í maí, júlí, september, október og desember.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU



Af þeim 102 málum sem nefndin stofnaði í málaskrá árið 2019 voru 72 mál sem bárust nefndinni beint frá einstaklingum, 26 mál bárust nefndinni með tilkynningu frá ákerauvaldi/löggæsluembættum og 4 mál sem nefndin tók upp að eigin frumkvæði. Önnur mál stafa frá félagasamtökum og hagsmunasamtökum tiltekinna hópa í samfélaginu. Engin raunveruleg breyting er þar á á milli ára þar sem tölfræðin er sambærileg árið 2018, nefndinni bárust 61 mál frá einstaklingum og 39 frá ákerauvaldi/löggæsluembættum.

5.2. Staða mála 31. desember 2019

Staða mála sem heyra undir nefnd um eftirlit með lögreglu var með eftirfarandi hætti við áramótin 2019/2020:

Staða mála 31.12.2019



- Tilkynningar sem biða greiningar
- Tilkynningar sem nefndin hefur sent til meðferðar lögreglu eða ákerauvalds
- Mál sem nefndin hefur fengið tilkynningu um frá lögreglu eða ákerauvaldi
- Mál að frumkvæði nefndarinnar
- Mál sem nefndin lauk umfjöllun í

Taflan hér að framan geymir upplýsingar um stöðu mála hjá nefndinni þann 31. desember 2019. Mál sem biðu greiningar nefndinnar voru alls 30 og í 10 af þeim málum hafði nefndinni ekki borist umbeðin gögn frá lögreglustjórum/ákerauvaldi. Undir floknum „tilkynningar sem nefndin hefur sent til meðferðar lögreglu og ákerauvalds“ voru málin alls 47 þar með talin eru mál sem send hafa verið árið 2018 og eftir atvikum 2017 og meðferð þess ekki lokið af hálfu nefndarinnar. Undir floknum „mál sem nefndin hefur fengið tilkynningu um frá lögreglu og


NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ákæruvaldi voru alls 42. Við lok árs 2019 hafði nefndin lokið meðferð 75 mála ýmist með ákvörðun eða athugun nefndarinnar á tilefni til eftirfylgni.

5.3. Málsmeðferð nefndarinnar


Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hver málsmeðferð nefndarinnar var og afdrif mála eftir mánuðum ásamt útlistun á því undir hvaða embætti málin falla.

Tölfræði ársins 2019




Á myndinni hér fyrir ofan er tíundað hve margar kvartanir og kærur bárust nefndinni, hversu margar ákvarðanir voru teknar um að framsenda mál, í hversu mörgum málum var lokið umfjöllun í, ákvarðanir nefndarinnar um að hefja frumkvæðisathugun og þær frumkvæðisathuganir sem nefndin lauk umfjöllun um. Árið 2018 var tölfræðin að mörgu leyti sambærileg en lauk þó meðferð í færri málum en framsendi þar á móti fleiri mál til ákæruvalds- og löggæsluembætta til meðferðar

Áframsend erindi til þóknarlegrar meðferðar - eftir mánuðum.



NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Ofangreind línumit sýnir fjölda þeirra erinda sem voru send til þóknanlegrar meðferðar eftir mánuðum. Árið 2018 voru 49 fleiri mál framsend til ákærvalds- og löggæsluembætta. Nefndin tekur þó fram að hér er eingöngu um að ræða þau mál sem voru send til þóknanlegrar meðferðar að frátöldum þeim sem vísað var frá, voru enn til meðferðar eða ekki var talið tilefni til frekari athafna af hálfu nefndarinnar.




Hér má sjá afdrif þeirra mála sem tekin voru til umfjöllunar og ákvörðunar á fundum nefndarinnar árið 2019. Þau mál sem nefndin sendi ekki áfram til frekari meðferðar eru alls 26 á móti 23 málum sem send voru lögreglustjóra til meðferðar. Árið 2018 var munur þar á en nefndin framsendi fleiri mál til ákærvalds- og löggæsluembætta til meðferðar en lauk meðferð í fleiri málum á árinu 2019. Sá munur gæti orsakast af því að nefndin hefur í auknu mæli lagt meira upp úr greiningu hvers máls fyrir sig og þau mál sem þar sem nefndin telur vera vísbendingar um ámælisverða háttsemi starfsmanns eru send lögreglustjóra til þóknanlegrar meðferðar sem starfsmannamál. Aðrar ákvarðanir nefndarinnar sem ekki eru sendar til meðferðar gætu þó jafnframt innihaldið tilmæli til lögreglustjóra um að taka ýmis atriði til skoðunar án þess greining nefndarinnar með hliðsjón af málsatvikum gefi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu.

5.4. Embætti sem mál varðar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau embætti sem innkomin mál féllu undir. Tölur sem varða hvert embætti lýsa því hvar viðkomandi starfsmaður var starfandi sem kvartað var yfir eða eftir atvikum lögð fram kæra vegna.


Innkomin mál eftir embættum

*Sum mál varða fleiri en eitt embætti, t.d. frumkvæðismál NEL og eru þau með í þessum tölu.



Til skýringar skal nefnt að ef mál varðar lögreglumann hjá tilteknu lögreglustjóraembætti og mögulega er um refsivert athæfi að ræða af hans hálfu þá er það mál sent héraðssaksóknara til meðferðar. Ef málið er ekki refsímál, heldur agamál, er það sent þeim lögreglustjóra sem er yfirmaður viðkomandi lögreglumanns.

Mál áframsend til meðferðar Ákvarðanir




Ef litið er sérstaklega til framangreindra mála sést að meiri hluti þessara mála fór til meðferðar og afgreiðslu hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, í því samhengi telur nefndin nauðsynlegt að taka fram að íbúafjöldi er langmestur á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt tölu frá Hagstofu Íslands búa tæplega 236 þúsund íbúar á höfuðborgarsvæðinu árið 2020. Það er því ekki hægt að hafa það til samanburðar við önnur embætti þar sem búa um 132 þúsund íbúar.

Að því sögðu var í langflestum málunum um að ræða aðfinnslur við störf starfsmanna löggreglu sem ekki voru talin refsiverð og fóru því til meðferðar og nánari afgreiðslu hjá viðkomandi löggreglustjóra.

Einungis tvö mál voru send héraðssaksóknara þar sem til skoðunar kom hvort háttsemi löggreglumanns varðaði mögulega refsingu en alls komu til skoðunar 18 mál þar sem var grunur um mögulega refsiverða háttsemi löggreglu en að frátoldum þessum tveimur málum sem nefndin framsendi til meðferðar hjá héraðssaksóknara, var nefndinni tilkynnt um framkomna kæru og/eða meðferð máls af hálfu héraðssaksóknara í alls 17 málum.¹

Af þessu verður, að mati nefndarinnar, dregin sú ályktun að nefndin sé komin til vitundar almennings m.a. fyrir tilstilli ábendinga frá löggreglu og sú mikilvæga breyting hefur orðið á frá stofnun nefndarinnar að mál eru skráð og sett í réttan farveg þegar í stað. Hér að neðan má sjá mál sem hafa verið í meðferð hjá héraðssaksóknara undanfarin ár.



5.5. Málsméðferðartími

Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með löggreglu skal nefndin hraða meðferð máls eins og kostur er og að jafnaði ljúka meðferð þess innan mánaðar frá móttöku erindis. Er hér vísað til þeirra erinda sem berast nefndinni í formi kvartana eða kærumála og skal beint til meðferðar hjá löggreglu eða handhöfum ákærvalds. Á árinu 2019 tók nefndin 55 ákvarðanir, af þeim voru 19 mál send til meðferðar og afgreiðslu til löggreglustjóra eða ákærvalds. Meðalmálsmeðferðartími var 193 dagar frá móttöku erindisins til ákvarðanatöku mála og ákvörðun var tekin í 4 tilvikum innan framangreinds frests. Þar sem mörg embætti hafa ekki svarað gagnabeiðnum nefndarinnar innan tiltekinna fresta hefur það leitt til þess að málsméðferðartími nefndarinnar er óþarflega langur.


Ef litið er til málsméðferðtíma nefndarinnar þá tók meðferð 49 mála meira en einn mánuð. Í flestum tilvikum var um að ræða að nefndin hafði óskað eftir frekari upplýsingum um málið frá

¹ Þessi tölfraði er sett fram með þeim fyrirvara að nefndin fékk framangreindar tölur ekki staðfestar frá héraðssaksóknara sem gaf þau svör að embættið héldi ekki utan um tölfraði af þessu tagi.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglu en þær upplýsingar ekki borist innan tímafrests. Því er ljóst að nefndin nær ekki að afgreiða mál innan 30 daga frá móttöku þeirra eins og gert er ráð fyrir í reglugerð. Í auknum mæli hefur nefndin verið að greina mál með ítarlegri hætti og leggja ítarlegra mat á það hvort málsatvik og gögn mála gefi tilefni til þess að áframsenda þau til þóknunalegrar meðferðar hjá lögreglustjóra. Nú sem fyrr eru þó mál þar sem minnsti vafi leikur á hvort það sé grunur um refsiverða háttsemi lögreglu send tafarlaust til héraðssaksóknara.


Málsmeðferðartími 2019




5.6. Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2019.

Árið 2017 lauk nefndin umfjöllun 22 mála, 46 mála árið 2018 og árið 2019 lauk nefndin umfjöllun um 75 mál í heildina. Sjá má af þeim tölum bæði aukin afköst, aukna skilvirkni ásamt því að frá árinu 2017 hefur líkt og komið hefur fram í auknu mæli verið að greina málin með ítarlegri hætti ásamt því að komin er góð reynsla á starfsseimi nefndarinnar sem skilar sér í auknum fjölda þeirra mála sem nefndin lýkur.

Málum lokið 2017-2019




NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU



Aukinn fjöldi þeirra mála sem nefnd um eftirlit með lögreglu lýkur meðferð á má rekja til þess að góð reynsla er komin á þá verkferla sem í unnið er eftir og afköst nefndarinnar hafa aukist til muna með skýrara verklagi og betri samskiptum við Lögglustjóran á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrri ársskýrslum hefur komið fram að erfitt hafi verið að fá afhend gögn og niðurstöður í þeim málum sem nefndin sendir embættinu til meðferðar og varða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanns.

5.7. Tegundir mála árið 2019

Flokkun sem þessi er nauðsynleg fyrir nefndina svo unnt sé að greina hvaða háttsemi er kvartað mest yfir og gefur, þar að auki, ákveðna vísbendingu um helstu efnisatriði sem reynt hefur á í störfum nefndar um eftirlit með lögreglu. Hér má sjá flokkun mála nefndar um eftirlit með lögreglu eftir efnisorðum.



Af þeim málum sem nefndin fékk til meðferðar árið 2019 lutu 67 kvartanir að starfsaðferðum starfsmanna lögreglu og var það stærsti flokkur kvartana hjá nefndinni. En stór hluti þeirra kvartana laut að meintri hrokafullri og ónærgætinni aðferð við samskipti og beitingu þeirra starfsaðferða sem löggregla beitti í hverju tilviki fyrir sig. Sá flokkur helst iðulega í hendur við aðfinnsluverða framkomu starfsmanna lögreglu sem er mun almennara kvörtunarefni en þau mál voru alls 28. Undir ofangreinda flokka geta fallið hinar ýmsu athugasemdir sem ekki er unnt að tíunda frekar í þessari umfjöllun.

Þá lutu 11 kvartanir að handtöku en er það að mörgu leyti samofinuð þeim fjölda kvartana sem bárust vegna starfsaðferða við beitingu úrræða og ákvörðun um handtöku. Í tölum sem nefndinni bárust frá Ríkislöggreglustjóra í byrjun árs 2020, var fjöldi handtaka lögreglu frá 1. janúar til 25. nóvember 2019 í kringum 7502. Þar er um að ræða eiginlegar handtökur og einstaklingar færðir á löggreglustöð þó er ekki alltaf um vistun í fangaklefa að ræða.

Ætluð brot gegn þagnarskyldu og meðferð upplýsinga voru samtals 16 og hefur nefndin að lokinni greiningu sent hluta þeirra til héraðssaksóknara til þóknunalegrar meðferðar. Nefndin hefur haft til skoðunar frá árinu 2017 hvernig almennu eftirliti innan lögreglu með aðgangi að upplýsingakerfum löggreglunnar er háttáð. Í því sambandi taldi nefndin ástæðu til að beina þeim tilmælum til Ríkislöggreglustjóra að taka upp verklagsreglur varðandi eftirlit með uppflettingum og aðgangi að upplýsingakerfum lögreglu. Í tilefni af þeim tilmælum gaf embætti

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Ríkislögreglustjóra út reglur um eftirlit með uppflettingum í lögreglukerfinu LÖKE þann 25. september 2019. Í maí 2020 taldi nefndin tilefni til þess að athuga hvernig reglurnar væru að virka eftir að það væri komin smá reynsla á þær og hefur nú til frekari athugunar hvernig staðið var að setningu þeirra og hvernig þær þjóna settum tilgangi. Er áætlað að þeirri athugun ljúki á haustmánuðum 2020.

Nefndinni bárust þrjú erindi á árinu frá héraðssaksóknara þar sem um var að ræða andlát borgara í tengslum við störf lögreglu. Héraðssaksóknari hætti rannsókn þeirra mála á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008. Í einu þeirra voru að mati héraðssaksóknara uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna og/eða nefndinni bent á að verklag gæti verið ábótavant og nefndinni falið að taka það til skoðunar. Nefndinni ber í öllu falli að fara yfir mál þar sem einstaklingur slasast eða lætur lífið vegna lögregluágerðar.


Nefndinni hafa borist kvartanir þar sem gerðar eru athugasemdir við að lögregla hafi neitað að taka við kæru um ætlað refsivert brot sem hafa í nokkrum málum ekki verið í samræmi við 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Umbætur hafa verið gerðar hjá viðkomandi embættum í kjölfar ábendinga nefndarinnar líkt og farið er nánar ofan í kjölinn á í 4. kafla hér að framan.

Að síðustu telur nefndin nauðynlegt að nefna mál sem nefndinni berast og lúta sérstaklega að ákvörðunum og athöfnum lögreglu í tengslum við rannsókn hennar á sakamálum, en í þeim tilvikum er valdsvið nefndarinnar takmarkað, eins og fram kemur í kafla 4.3 að framan. Slík mál hafa í einstaka tilvikum þó leitt til þess að nefndin taki til athugunar að eigin frumkvæði verklag lögreglu við mismunandi aðstæður.

5.8. Frumkvæðisathuganir.

Neðangreind tafla gerir grein fyrir þeim fjölda mála sem nefndin ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði en þó eru nokkur þeirra 16 mála rakin til annarra mála þar sem nefndin taldi tilefni til þess að taka m.a. verklag og starfshætti til skoðunar að eigin frumkvæði og ástæða var jafnvél til þess að beina tilmælum til lögreglustjóraembættanna eða Ríkislögreglustjóra um breytt verklag eða tilteknar aðgerðir.


Frumkvæðismál NEL



5.9. Vanvirðandi meðferð

Frá árinu 2017 hefur nefnd um eftirlit með lögreglu borist 25 mál sem varða vanvirðandi meðferð af hálfu starfsmanna lögreglu. Málaufjöldinn var sambærilegur frá árinu 2017-2018, en árið 2017 voru málin 12 og árið 2018 voru þau 13. Árið 2019 voru málin alls 5 talsins.

Ástæða þessarar sérstöku flokkunar um vanvirðandi meðferð af hálfu starfsmanna lögreglu er eftirlit Evrópskrar eftirlitsnefndar sem ber nafnið, e. European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT). Nefnd um eftirlit með lögreglu ákvað í kjölfarið af stofnun hennar að koma á sérstakri flokkun vegna kvartana sem gætu talist til vanvirðandi meðferðar. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina fjölda þeirra mála sem komið hafa til meðferðar hjá nefndinni frá 2017 til 2019.



Mál sem voru ýmist send til meðferðar hjá héraðssaksóknara af hálfu nefndarinnar eða henni bárust tilkynningar um frá héraðssaksóknara voru alls 23 frá árinu 2017. Embættið hætti rannsókn í 20 málum, tveim málum var vísað frá og enn er eitt mál er í rannsókn. Af þessum 23, voru 8 mál kærð til ríkissaksóknara og eitt mál endaði með ákæru.

Önnur mál sem tekin hafa verið til umfjöllunar og afgreiðslu nefndar um eftirlit með lögreglu árin 2017-2019 eru alls 12. Það voru fimm starfsmannamál send til meðferðar hjá viðeigandi lögreglustjóra og þá taldi nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna sjö mála.

6. Yfirlit um starfsemi ársins 2019

6.1. Skipulag og starfsaðstaða

Nefnd um eftirlit með löggreglu réð til starfa Hafdísi Hrönn Hafsteinsdóttur, til afleysinga fyrir Drífu Kristínu Sigurðardóttur, þar sem hún fór í leyfi í október 2018. Ráðning Hafdísar var tímabundin frá 17. september 2018 til nóvember 2019. Ellen Ósk Eiríksdóttur ráðin tímabundið frá nóvember 2019 til janúar 2019 til þess að brúa þann tíma þar til Drífa kæmi aftur til starfa.

Heimasíða nefndarinnar er á slóðinni www.nel.is. Á heimasíðunni er að finna eyðublöð fyrir tilkynningar til nefndarinnar, á íslensku, ensku og pólsku, ásamt nánari upplýsingum um málsmeðferð, hlutverk og skipan nefndarinnar auk tölfraði yfir málafjölda nefndarinnar.

Hægt er að hafa samband við nefndina með því að senda tölvupóst á nel@nel.is eða bréfpóst á heimilisfangið: Nefnd um eftirlit með löggreglu, Skuggasund 3, 101 Reykjavík. Þá var hægt að hafa samband símleiðis við lögfræðing nefndarinnar á símatíma sem var milli kl. 10 og 11 alla virka daga árið 2019.

6.2. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar

Fundir nefndarinnar á árinu 2019 voru samtals 14. Nefndin tók 55 ákvarðanir á starfsárinu um erindi sem bárust nefndinni í formi kvartana eða kærumála og kom þeim til meðferðar innan löggreglu eða ákæruvalds eftir því sem við átti. Nefndin fjallaði þar að auki um 14 mál sem hún fékk til skoðunar eftir að meðferð þeirra lauk hjá löggreglu eða ákæruvaldi.

Nefnd um eftirlit með löggreglu hóf 6 frumkvæðisathuganir á árinu er varðar verklag löggreglu við mismunandi aðstæður í störfum löggreglu.

6.3. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar með öðrum

Nefndin fór í kynningarheimsókn til Lögreglustjórans á Suðurnesjum, Lögreglustjórans á Vesturlandi, Lögreglustjórans á Vestfjörðum, Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum ásamt heimsókn til tæknideildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2019.

Formaður og lögfræðingur nefndarinnar áttu fund með einstaklingum sem vildu koma á framfæri kvörtun vegna háttsemi starfsmanna löggreglu samkvæmt beiðni þar um en að meginstefnu til er málsmeðferð skrifleg.

6.4. Fjármál nefndarinnar

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Allir aðalmenn í nefndinni vinna að verkefnum hennar í hlutastarfi á grundvelli fastrar þóknunar. Föst þóknun formanns á mánuði eru um 200.000 kr. Þar er um heildarlaun að ræða. Aðrir aðalmenn í nefndinni fá helming þeirrar þóknunar. Formaður hefur samkvæmt lögum það hlutverk að ráða starfsmenn nefndarinnar. Starfsmannamál hennar og daglegur rekstur eru því í meira mæli á hans herðum en annarra nefndarmanna. Þar sem starfsmaður er aðeins einn þá hefur það jafnframt verið hluti af verkefnum formanns að hafa innsýn í skipulag og gang verkefna hjá starfsmanni hennar og taka beinan þátt í skrifum bréfa og ákvarðana. Varamenn fá greidda þóknun fyrir þá fundi sem þeir þurfa að sækja.


Heildarkostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2019 nam 19.251.914 kr. Stærstur hluti kostnaðarins voru laun og launatengd gjöld, en samtals nam sá kostnaðarliður á árinu 17.087.548 kr. Var þar um að ræða laun og launatengd gjöld fyrir fastan starfsmann

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

nefndarinnar, laganema sumarið 2019 og tímabundna ráðningu starfsmanns ásamt launum nefndarmanna. Annar kostnaður var tæplega 2.163.976 kr. Þar var um að ræða kostnað vegna leigu á skrifstofu, afnotagjöld vegna hýsingar á vefsíðu nefndarinnar, kostnað vegna ferðalaga nefndarmanna og starfsmanns innanlands, kostnað vegna námskeiða og annars tilfallandi kostnaðar vegna skrifstofubúnaðar.

Reykjavík,

16. desember 2020



Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður



Kristín Edwald

Kristín Edwald



Þorbjörg Jónsdóttir